

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. febrúar 2024, vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfiriseyjar) vegna lóðarinnar nr. 15-21 við Fiskislóð**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturhöfn - Örfirisey - Fiskislóð 15-21, birtist í Morgunblaðinu í dag þ.e. fimmtudaginn 15. febrúar 2024. Tillagan er í kynningu frá 15. febrúar 2024 til og með 4. apríl 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is)

**Vesturhöfn - Örfirisey - Fiskislóð 15-21**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. janúar 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 1. febrúar 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfiriseyjar) vegna lóðarinnar nr. 15-21 við Fiskislóð. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreindir eru þrír byggingarreitir á lóð til að koma fyrir eldsneytisdeilum og rafhleðslustöðvum fyrir bifreiðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is). Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **15. febrúar 2024 til og með 4. apríl 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 4. apríl 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is).

mkv.

**Puríður Guðmundsdóttir**

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

[thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is)



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík  
[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.